



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða (gjaldtaka aksturs hreinorku- og tengiltvinnbifreiða).

Nr. 183/2023 í Samráðsgátt Stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

1.	Þátttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila.....	2
3.	Næstu skref.....	2

1. Þátttaka

Innsendar umsagnir voru 52 talsins.

Upplýsingar um málefni, umsagnarfrést og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3555>

2. Sjónarmið umsagnaraðila

Sjónarmið almennings og hagsmunaaðila voru af ýmsum toga. Heilt yfir sýndu umsagnaraðilar því skilning að áformað væri að taka upp kílómetragjald vegna aksturs og notkunar hreinorku- og tengiltvinnbíla (fólks- og sendibíla). Þó komu fram ýmis sjónarmið þar sem fyrirhuguð gjaldtaka var gagnrýnd.

Við úrvinnslu þeirra athugasemda sem bárust var tekið tillit til athugasemda almennings og hagsmunaaðila eins og frekast var unnt.

Þær athugasemdir sem bárust voru m.a. þær að rétt væri að fresta gildistöku áforma um gjaldtöku kílómetragjalds til ársins 2025 og að gjaldtakan yrði þá látin ná til allra bíla. Þar sem innleiðing á kílómetragjaldi er stór kerfisleg breyting og ákveðin umbreyting á innheimtu skatta og gjalda af ökutækjum var talið rétt að fyrsta skrefið yrði tekið þann 1. janúar 2024 með innleiðingu kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbíla. Með því væri hægt að draga lærdóm af því sem betur megi fara áður en síðara skrefið verður stigið með innleiðingu kílómetragjalds vegna notkunar allra annarra ökutækja á vegakerfinu á árinu 2025.

Ekki fæst séð að rök séu fyrir því að fresta áformum um gildistöku frumvarpsins sérstaklega fyrir ökutækjaleigur þangað til 1. janúar 2025. Ökutækjaleigur líkt og aðrir gjaldskyldir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, verða fyrir áhrifum af upptöku kílómetragjalds vegna hreinorku- og tengiltvinnbíla og þurfa að mæta því, t.a.m. út frá rekstrarlegum forsendum og áætlunum í tilfalli fyrirtækja. Ekki er að sjá að sérstök rök knýi á um að frumvarpið taki ekki gildi fyrir ökutækjaleigur á sama tíma og aðra gjaldskylda aðila sem þurfa að greiða kílómetragjald frá og með 1. janúar 2024 samkvæmt áformunum.

Vegna athugasemda þess efnis að út frá 6 kr. kílómetragjaldi gæti staðan verið sú í ákveðnum tilvikum að bíll með bensínvél og rafmagnsbíll væru að greiða áþekka fjárhæð á hvern ekinn kílómetra liggur fyrir að markmiðið með áformunum er að gjöld fyrir rafmagnsbíla vegna notkunar á vegum verði sambærileg á við eldsneytisgjöld bensínbíla. Þá má benda á að árlegur rekstrarkostnaður rafmagnsbíls verður eftir breytingarnar enn mun lægri en sambærilegs bensínbíls. Auk þess liggur fyrir að tímabundinn stuðningur verður veittur við kaup á hreinorkubílum frá og með 1. janúar 2024 úr Orkusjóði. Ávinningurinn sem hlýst af eignarhaldi og rekstri á rafmagnsbíl samborið við bensínbíl verður því enn til staðar.

3. Næstu skref

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbíla á haustþingi 2023.